

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hörgársveit.

Lækjarvellir, deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 25. febrúar 2021 breytingu á deiliskipulagi fyrir Lækjarvelli. Í breytingunni felst að norðurmörkum lóðarinnar Lækjarvellir 9 er hliðrað til suðurs í samræmi við eignarmörk lands. Eftir breytinguna verða lóðamörk milli lóða 9 og 11 í framræsiskurði sem liggur skáhallt yfir lóð nr. 9 skv. fyrra skipulagi. Breytingin telst óveruleg með tilliti til gr. 5.8.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 43. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Lónsbakkahverfi, óveruleg deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 25. febrúar 2021 að gera breytingu á deiliskipulagi Lónsbakkahverfis. Breytingin felur í sér að á lóðunum Reynihlíð 17 og 19 verður heimilt að byggja fimm íbúða 650 fm raðhús í stað fjögurra íbúða 600 fm raðhúsa áður, og á lóðunum Reynihlíð 21 og 23 verður heimilt að byggja fjögurra íbúða 500 fm raðhús á einni hæð í stað fjögurra íbúða 840 fm raðhúsa á tveimur hæðum áður.

Deiliskipulagsbreytingin telst óveruleg skv. gr. 5.8.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og samþykkti sveitarstjórn að falla frá grenndarkynningu breytingarinnar á grundvelli 3. mgr. 44. gr. sömu laga. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hörgársveitar, 1. mars 2021,

Vígús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 15. mars 2021